



Um handleiðslu og sérfræðiviðurkenningu.

[Reglugerð nr. 158/1990](#) fjallar um sérfræðiviðurkenningu sálfræðinga. Þar er tiltekið að til að hljóta viðurkenninguna þurfi sálfræðingar að hafa fengið a.m.k. 120 klst. einkahandleiðslu (frekari útfærsla er í reglugerðinni) og að handleiðslan skuli vera veitt af þeim sem hafa sérfræðiviðurkenningu eða sérfræðinefndin viðurkennir.

Viðmið sérfræðinefndarinnar varðandi viðurkenningu handleiðara eru skv. upplýsingum frá Gyðu Haraldsdóttur, formanni sérfræðinefndarinnar að sálfræðingarnir hafi þá starfsreynslu sem krafist er til sérfræðiviðurkenningar og að þeir hafi sjálfir sótt handleiðslu sem svarar til þeirrar sem krafist er í umræddri reglugerð.

Eins og flestum er kunnugt eru áfangar að sérfræðiviðurkenningu einungis til í kjarasamningum. Í hverjum áfanga er tiltekin svo og svo mikil handleiðsla og sumir vinnuveitendur hafa gert þá kröfu að til að hún telji til launahækkana þurfi hún að vera samsvarandi því sem sérfræðinefndin gerir kröfu um. Ef svo er, er því mikilvægt að hafa ofangreint í huga.

Á sama hátt er mikilvægt að hafa ofangreint í huga, varðandi val á handleiðslu og handleiðurum, hverju sinni, svo fólk safni upp í þann tímafjölda sem krafa er gerð um í reglugerðinni.